

3. fundur

Mættir eru Elín, Helga, Hannes, og Dilla.

Gengið var um norðaustur hluta hverfisins. Íbúar Reykjasíðu/Rimasíðu hringsins hafa hvartað um hraðakstur þar. Þetta hverfi var fallett á að líta og góðar stígaleiðir liggja að Síðuskóla, svo óþarfi er að keyra börnin í skólann. Hefur okkur mælt til að lengsta hugsanlega gönguleið í skólann sé ekki meiri en 10 mín.

Ekki hefur Síðubraut verið opnuð enn og því finnst okkur upplagt að setja niður skiltin sem rætt var um í 1. fundargerð. Nefndarmenn eru á því að setja upp þessi skilti og munu hefja vinnu í þá átt.

Svo langar okkur að lýsa eftir klifuráhöldunum á Síðuskóla og fá þau sett upp strax svo hægt sé að nota þau.

Kvörtun barst nefndinni vegna hraðaksturs í Tungusíðu og vildi íbúinn að þar yrði sett upp hraðahindrun

Fleira var ekki fært til bókar.

4. fundur.

Mættir eru Krístín, Drífa, Dilla, Helga og Elín.

Nefndarmenn veltu fyrir sér hvað yrði um fundargerðir þeirra. Þurfum við að koma okkar málum til umhverfisfulltrúa eða í viðtalstíma bæjarfulltrúa?

Fulltrúi úr hverfisnefnd var tilnefndur í stjórn Barnsins í brennidepli. Tilnefnd er Ingibjörg Magnúsdóttir.

Ákveðið var að senda bréf í húsin í hverfinu um tilveru hverfisnefndar og gefa fólki kost á að koma athugasemdum til nefndarmanna. Síðan var gert uppkast að bréfinu. Elínu og Dillu var falið að s'ja um að fjölríta bréfið og koma því í hendur nefndarmanna til dreifingar.

Einnig var það vilji fundarins að mælast til þess að bílaplanið við Síðusel verði stækkað og hluti bæjarins á planinu við Síðu verði einnig malbikaður og upplýstur og notaður sem staði fyrir starfsfólk Síðusels.

Það vantar einnig tilfinnanlega betri lýsingu á skólalaóðina. Það hlýtur að minnka m.a. skemmdarverk

Fleira var ekki fært til bókar.

5. fundur.

Mættir Elín, Inga, Hannes, Kristín og Dilla.

Rætt var um fjölskyldustefnu Ak.bæjar. Fínt plagg en virðist ekki komast nógu vel í framkvæmd.

Rætt var um að láta foreldrafélög skólanna sjá um fræðslufyrirlestrana en að bærinn borgi fyrir þá.

Til umræðu kom bygging nýrrar bensínstöðvar við Hlíðarbraut og mótmælum við henni harðlega þó lögsögn okkar náí ekki yfir svæðið. Það var einróma álit nefndarinnar að við viljum halda í okkar grænu svæði þó það kosti meira í skipulagsmálum.

Ákveðið var að halda Þorrblót 1. helgi í þorra í Síðuskóla. Ákveðið var að hver fjölskylda gæti komið með sitt eigið trog. Rætt var um að fá tónlist t.d. Pálma á nikku. Elínu var falið að tala við Ólaf skólastjóra um húsnæði undir þorrablótið.

Inga ræddi við okkur um störf Barnsins í brennidepli. Verið var að útbúa og safna saman slagorðum fyrir hverfi og léytu fundarmenn gamminn geysa og sendu Ingu til baka með nokkur sem vöktu mikla kátínu hjá nefndarmönnum. Einnig sagði hún að þau væru að hugsa um að halda Karnival í sumar í hverfinu og fannst okkur það alveg í samræmi við Þorrablótið okkar og var ákveðið að bjóða Barninu í brennidepli að vera með í því.

2 athugasemdir bárust nefndinni. Önnur vegna hraðaksturs á Vestursíðu og vildi hún fá gönguljós yfir til móts við skólann. Hin vegna enskis snjómoksturs á stíg sem liggur austan við Móasíðu 7. Sú kona nefndi einnig að á þessum stíg væru steinar sem lokuðu fyrir akstur bíla eftir stígnum sem væru stórhættulegir þegar þeir væru á kafi í snjó.

Fleira var ekki fært til bókar en ákveðið að hafa fund vegna þorrablóts til að skipta með sér verkum. Það var síðan gert og Þorrablótið haldið með pomp og pragt og komu yfir 100 manns úr hverfinu og áttu góða stund saman. Gestir voru bæði á barnsaldri og allt upp í langömmu. Fjölskyldur og einstæðingar. Skemmtiatriði voru hefðbundin og meðal annars fluttur annáll hverfisins.